

Staðlað upplýsingaskjal um vátryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á /tm.is og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón sem ökutækið veldur t.d. á öðrum bílum eða mannvirkjum.
- ✓ Slys sem verður á fólki af völdum ökutækisins.
- ✓ Brot á bílrúðu ásamt kostnaði við að setja nýja í.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Skemmdir á eigin bíl, munum eða húsnæði.
- ✗ Verðmæti ökumanns í bílnum.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ⚠ TM getur átt endurkröfurétt ef tjón verður þegar ökutækið er leigt án ökumanns.
- ⚠ Tryggingin gildir ekki þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði.
- ⚠ Ef ökumaður telst óhæfur til aksturs vegna ölvunar eða lyfjanotkunar getur TM átt endurkröfurétt á eiganda.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Tryggingin gildir á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum EES og Færeyjum.



Hverjar eru mínar skyldur?

Hafa hæfni og réttindi til þess að stjórna ökutækinu.

Gæta þess að ökutæki sé í lögmæltu ástandi, til dæmis að öryggistæki svo sem hjólbarðar og hemlunarbúnaður sé í lagi.

Tilkynna TM ef ökutækið er afskráð eða selt.

Tilkynna um allar breytingar sem gerðar eru á ökutækinu sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni.



Hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkort.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.

Með uppsögn þarf að fylgja staðfesting þess efnis að stofnað hafi verið til nýrrar tryggingar hjá öðru tryggingafélagi þar sem þessi trygging er lögboðin.